

Byggðasafn Skagfirðinga - Rannsóknaskýrslur



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í

Skálmarbæ



Séð heim að Skálmarbæ

Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir
Mái2004

2004/31

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga	2
Fornleifaskráning og aðferðir	3
Aðferð við skráningu	4
Jarðanúmer	4
Tegund, hlutverk og heiti	4
Lega	4
Staðhættir og lýsing	4
Hættumat	5
Heimildir	5
Saga jarðanna og fornleifar	5
Skálmarbær - 163441-189	5
Saga	5
Náttúrufar og jarðabætur	5
Landamerkjalyásingar	6
Fornleifaskráning	6
Minjar og vaðveislugildi	19
Minjar í Skálmarbæ	20
Niðurstöður	20
Heimildaskrá	21
Loftmynd með minjum frá vettvangsskráningu 2004	22
Túnakort frá 1920	23

Inngangur

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar sem gerð var vegna deiliskipulags í landi jarðarinnar Skálmarbæjar í Vestur-Skaftafellssýslu. Fyrirhugað er að byggja frístundahúsabyggð vestan við núverandi bæjarstæði. Þar sem um deiliskráningu er að ræða var jörðin Skálmarbær ekki fullskráð heldur eingöngu það svæði sem fyrirhugað er að byggja á. Jörðin var samt öll svæðisskráð áður en haldið var á vettvang. Við svæðisskráningu voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar en við deiliskráninguna var gengið um fyrirhugað byggingarsvæði og allar menningarminjar innan þess skoðaðar og mat á þær lagt með tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda.

Í þessari skýrslu er að finna almenna umfjöllun um fornleifaskráningu og skrá yfir fornleifar. Að auki er fjallað ítarlega um deiliskipulagssvæðið og þær fornleifar sem fundust á því, lagt mat á áhrif framkvæmda og gerðar tillögur um aðgerðir þegar við á.

Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram í tengslum við skipulagsgerð og var fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fengin til að vinna þá skráningu.

Skýrsluhöfundar, Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur og Anna Rut Guðmundsdóttir fornleifafræðinemi, unnu vettvangsskráninguna þann 31. mars sl.

Sérstakar þakkir eru færðar heimildarmönnum Karli Runólfssyni og Hallgrími A. Viktorssyni.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknnum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hverskyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar afverbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins fornleifanefndar komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagr þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Loftmyndum ehf.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránni er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum, í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Skálmarbær - 163441, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 189 í nefndu tilviki. Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hvernjar jarðar; bæjarstæði á Skálmarbæ væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Skálmarbær - 163441-189-1.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Jórvíkurstekkur eða Efrahús, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Loftmyndum ehf.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta sem fyrr segir leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Saga jarðanna og fornleifar

Í eftirfarandi kafla er stiklað á sögu í Skálmarbæjar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Skálmarbær - 163441-189

Saga

Skálmarbær er nú efsta byggt ból í Álftaveri og stendur skammt sunnan við farveg Skálmar, sem fellur ofan frá Mýrdalsjökli til suðausturs og í Kúðafljót skammt fyrir austan Skálmarbæ. Tveir máldagar hafa varðveist um bæinn. Sá eldri er í Fornbréfasafni II frá því 1340. Þar er bærinn kallaður Skalldabær og er undir Þykkvabæjarklaustri. Þar segir „Af skalldabæ vj merkur."

Í öðrum máldaga í Fornbréfasafni IX frá því 1523 er "Skaldabær" einnig nefndur undir Þykkvabæjarklaustri. Í sýslu- og sóknalýsingum frá 1839-1873 segir að Skálma(r)bær sé reisulegur bær, 12 hundruða jörð að dýrleika.

Náttúrufar og jarðabætur

Í Örnefnalýsingum segir að Skálmarbær eigi land upp með Kúðafljóti, alla leið að Hólmsá. „Er þar nyrzt dálítill heiðarhólmi, með hrauni og graslendi; þá er sandauðn síðan Kötlugos; áður var það graslendi fram að aðalhögum Skálmarbæjar, sem er upp gróið gamalt hraun með töluverðu skógarkjarri og votlendis lautum, gott beitarland. Þetta land nær fram að Skálm, rétt hjá bænum, og er hún þá orðin í tveimur kvíslum. Rennur önnur beint austur í Kúðafljót, en hin rennur fyrst suður úr engjum jarðanna Skálmarbæjar, Holts og Jórvíkur."

Landamerkjalyýsingar

Ytri takmörk jarðarinnar eru sem hér segir samkvæmt Landamerkjalyýsingum fyrir Skálmarbæ: „Úr Fljótsmarki í Smalaskála, þaðan í hornmark; svo ræður Holtslækur, frá honum í Markholt, svo í Einiberjahól, svo í Grænhæðarmark, þaðan í Ljósavatnalækshól; svo bein lína norður þangað sem Baugadeild myndast úr Baugadæld austur í Hólmsá, svo eftir Hólmsá austur í Flögulón, svo úr Flögulóni suður eftir fljótsfarveg hinum forna, fyrir austan Jórvíkursanda, fram að hinu að ofan greinda Fljótsmarki, sem er suðurhornmark."

Fornleifaskráning

Skálmarbær 163441 189 - 1

Sérheiti: Skálmarbær

Hlutverk: Bústaður **Tegund:**

Bæjarstæði **Staðsetning:**

N: 63, 44, 43,0000 (-63,74527778)

V: 18, 24, 58,0000 (-18,41611111)

Staðhættir

Á Túnakorti frá 1920 má sjá íbúðarhúsið Skálmarbæ. Það er um 12 x 6 m með áfastri viðbyggingu. Túnið er 3,4 ha og matjurtagarðar 645 m². Austanmegin við bæinn er lítil tjörn. Bærinn var fluttur frá Gamlabæjarhól árið 1916 þangað sem hann stendur nú. Stærð hússins nú til dags er um 80 m².

Lýsing

Fyrir framan Skálmarbæinn (N-V) eru leifar af grjóthlöðnum veggjum afútihúsi. Austan við bæinn er torf og grjóthlaðin undirstaða þar sem olútankur stóð. Bak við hann er hesthús og við hliðina á því er hlaða og grunnur af fjósi sem var áfast íbúðarhúsinu. Vestanmegin við bæinn er áfastur hæsnakofi og suðvestan við hann eru leifar afbrunni. Öll útihúsin við bæinn eru grjót og torf hlaðin með bárujárnsþökum. Matjurtagarðar voru samkvæmt túnakorti 645fm². Þeir eru allir horfnir í dag.

Heimildaskrá

Fasteignamat Ríkisins.

Túnakort Skálmarbæjar, 16.7 1920.

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.



Útihús hlaðið úr grjóti fyrir framan bæinn

Skálmarbær 163441189 - 2**Sérheiti:** Gamlabæjarhóll**Hlutverk:** Bústaður**Tegund:** Tóft**Staðsetning:**

N: 63, 46, 33,0000 (-63,77583333)

V: 18, 37, 52,0000 (-18,63111111)

Breidd: 30 m**Staðhættir**

Á Gamlabæjarhól stóð Skálmarbær áður en hann var fluttur þaðan 1916 undan ánni. Í Örnefnaskrá stendur að Gamlabæjarhóll hafi verið sunnanmegin árinna, austast á núverandi túni, við ána.

Á Túnakorti frá 1920 sést hvar gamla bæjarstæðið var.

Lýsing

Bæjarhóllinn er um 40 m austurvestur frá Skálmarbæ. Hóllinn er um 30 m á breidd og bæjarskipan

er afar ógreinileg. Yngri rústir sem eru byggðar inn í bæjarhólinn eru þó greinilegri. Sunnan í hólnum er rúst, um 7 m á lengd og 5 m á breidd með inngangi í suður. Veggjarhæð er frá 30 sm til 1 m. Veggjarþykkt er u.þ.b. 40 til 70 sm.

Heimildaskrá

Túnakort Skálmarbæjar, 16.7.1920.

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

**Skálmarbær 163441189 - 3****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Rúst**Horfin:** Já**Staðhættir**

Á Túnakorti frá 1920 má sjá útihús, um 30 m norðvestur af Skálmarbænum. Það stendur við matjurtargarð. Við vettvangsskráningu sáust engar leifar af þessu útihúsi, sennilega farið undir túnasléttu.

Heimildaskrá

Túnakort Skálmarbæjar, 16.7.1920.

Skálmarbær 163441189 - 4**Hlutverk:** Tóft**Tegund:** Tóft**Staðsetning:**

N: 63, 45, 21,0000 (-63,75583333)

V: 18, 26, 48,0000 (-18,44666667)

Lengd: 4 m**Breidd:** 4 m**Staðhættir**

Á Túnakorti má sjá útihús um 70 m norðaustur frá Skálmarbænum. Á vettvangi sáust leifar af rúst sem gæti hafa verið viðkomandi útihús.

Lýsing

Rústin er 4 m á lengd og 4 m á breidd. Ekki er ósennilegt að þetta séu leifar afútihúsi (nr.4) sem sjá má á túnakortinu. Rústin er mjög ógreinileg og hefur sennilega verið ýtt til við túnasléttu.

Heimildaskrá

Túnakort Skálmarbæjar, 16.7.1920.

**Skálmarbær 163441189 - 5****Sérheiti:** Vilpa**Hlutverk:** Álagablettur**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir**

„Vestur af Gamlabæjarhól er tjörn í túninu, vaxin fergini, sem ekki má slá, annars mun farast hestur eða kýr í Skálmarbæ. Tjörnin heitir Vilpa.”

Lýsing

Á Túnakorti má sjá tjörnina Vilpu, vestan við gamla bæjarstæðið.

Heimildaskrá

Túnakort Skálmarbæjar 16.7 1920.

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 6

Hlutverk: Útihús

Tegund: Hús

Lengd: 20 m

Breidd: 6 m

Staðhættir

U.þ.b. 30 mínorður frá Skálmarbænum eru leifar af útihúsi.

Lýsing

Rústin er 20 m á lengd og 6 m á breidd með afmörkuðu hólfi til vesturs. Hún er bæði steinsteypt og hlaðin grjóti. Í henni eru viðar og bárujárnsleifar.



Skálmarbær 163441189 - 7

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hleðsluhæð: 20 - 40 sm

Staðhættir

„Tangar voru um gamla túngarðinn, einnig eyddir af sandi.“

Lýsing


Miklir túngarðar umlykja Skálmarbæinn eins og sést greinilega á loftmynd.

Garðarnir eru grafnir niður öðrum megin og hlaðnir upp úr jarðvegi. Þeir eru fyrst og fremst undir girðingar. Hæð þeirra er frá 20

- 40 sm.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.



Skálmarbær 163441189 - 8

Hlutverk: Reykhús

Tegund: Kofi

Staðsetning:

N: 63, 44, 0,0000 (-63,73333333) V: 18, 27, 42,0000 (-18,46166667)

Hleðsluhæð: 1,4 m

Lengd: 2 m

Breidd: 3 m

Staðhættir

Fast upp við túngarðinn, u.þ.b. 50 m vestur frá Skálmarbæ, er lítill reykkofti.



Lýsing

Kofinn hefur verið hlaðin úr tarfi og grjóti og standa veggir að mestu enn. Lengd er um 2 m og breiddin 3 m. Hleðsluhæð er um 1,4 m en þakið er hrunið. Inngangur er sunnanmegin og suðaustan við kofann er renna fyrir reykin.

Skálmarbær 163441 189 - 9

Hlutverk: Mylla

Tegund: Tóft

Staðsetning:

N: 63, 42, 60,0000 (-63,71666667)

V: 18, 37, 4,0000 (-18,61777778)

Lengd: 4 m

Breidd: 3 m

Staðhættir

„Grændalir eru í Grænhæð, vestur af bænum. Í þeim eru Grændalatjarnir. Ein þeirra nefndist Klettatjörn. Úr henni rennur lækur, sem kallaður var Grændalalækur. Við hann var sett upp kornmylla og var þá farið að kalla hann Myllulæk. Nú er lækurinn horfinn í uppistöðu.“

Lýsing

Tóftin er norðanmegin þar sem lækurinn kemur við vatnið og er um 4 m á lengd og 3 m á breidd. Veggir eru úr tarfi og grjóti. Sennilega hefur myllan verið að mestu úr timbri. Veggir eru frá 0,60 - 1 m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.



Skálmarbær 163441 189 - 10

IDutverk: Rúst

Tegund: Tóft

Staðsetning:

N: 63, 42, 55,0000 (-63,71527778)

V: 18, 36, 35,0000 (-18,60972222)

Staðhættir

Um það bil 10 m sunnan við tjörnina (þar sem myllan er) virðist vera „hringlaga rúst“.

Lýsing

Ekki er öruggt að þetta séu fornleifar en dæld er í miðju rústarinnar sem er hringlaga. Erfitt er að greina veggjahleðslur. Þetta gæti einnig verið gervigígur.



Skálmarbær 163441189 - 11

Hlutverk: Rétt

Tegund: Rétt

Staðsetning:

N: 63, 44, 43,0000 (-63,74527778)

V: 18, 28, 48,0000 (-18,48000000)

Lengd: 6 m

Breidd: 5 m

Staðhættir

Þar sem túngarðarnir vestur-austur og norður-suður mætast er hlaðin rétt.

Lýsing

Norður-suður veggurinn er 5 má lengd og austur-vestur veggurinn 6 m.

Réttin hefur

líklega verið að mestu úr timbri.



Skálmarbær 163441189 - 12

Sérheiti: Hánípa

Hlutverk: Örnefni

Tegund: Örnefni

Staðsetning:

N: 63, 45, 13,0000 (-63,75361111)

V: 18, 27, 55,0000 (-18,46527778)

Staðhættir

Norðarlega í túninu, að vestan og sunnan við Silungatjörnina, er hæð sem heitir

Hánípa. Þetta gæti hafa verið varða.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar.

Örnefnastofnun Íslands.



Skálmarbær 163441189 - 13

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Rúst

Staðsetning:

N: 63, 45, 20,0000 (-63,75555556)

V: 18, 27, 50,0000 (-18,46388889)

Þvermál: 30 - 40 sm

Hleðsluhæð: 30 sm

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Staðhættir



Norðaustan við Háunípu (nr. 12) og u.þ.b. 8 m suður af Silungatjörn eru sennilega leifar af Kvíum. Rústin virðist að mestu hlaðin úr torfí.

Lýsing

Rústin er u.þ.b. 8 má lengd og 4 má breidd. Veggjarhæð er um 30 sm og veggjaþykkt 30 - 40 sm. Inngangur í vestur.

Skálmarbær 163441189 - 14

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Staðsetning:

N: 63, 45, 21,0000 (-63,75583333)

V: 18, 26, 48,0000 (-18,44666667)

Hleðsluhæð: 60 - 120 sm

Lengd: 10 m

Breidd: 7 m

Staðhættir

Norðan í túngarðinum sem snýr A-V er tóft. Suðurhliðin er hluti af túngarðinum.

Lýsing

Tóftin er 10 x 7 m að utanmáli, mjórri til austurs. Veggjarhæð er mest um 1,2 m

og minnst 60 sm. Tóftin er hlaðin með torfí og grjóti og er mosavaxin. Í tóftinni er bíll, dekk og baðkar.



Skálmarbær 163441 189 - 15

Sérheiti: Þórhallskvíar

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild 465

Horfin: Já

Staðhættir

„Norðan við gamla bæinn var Ból. Á því var örnefnið Þórhallskvíar. Þetta er nú að lenda í túnrækt.“ Á vettvangi sáust engar leifar af þessum kvíum.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 16

Hlutverk: Útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning:

N: 63, 44, 44,0000 (-63,74555556) V:

18, 39, 28,0000 (-18,65777778)

Lengd: 8 m

Breidd: 5 m

Staðhættir

U.þ.b. 20 m suðvestur af Skálmarbæ er útihús.

Lýsing

Sennilega er þetta fjárhús. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Þakið er bárujárnsklætt. Grindin er að gefa sig svo að ekki er langt í að þakið hrynji mn.



Skálmarbær 163441 189 - 17

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Rúst

Hleðsluhæð: 60 - 180 sm

Lengd: 6 m

Breidd: 5 m

Staðhættir

20 m vestan við fjárhús nr. 189-16 og sunnan við Skálmarbæ, neðan við heimreiðina eru leifar af hesthúsi.

Lýsing

Hesthús, hlaðið úr torfi og grjóti. Engar leifar eru af grindinni, búið er að rífa hana út. Austurgaflinn er nærri allur uppistandandi en norður og suðurveggir eru að mestu útflattir. Inngangur er að vestan. Ekki sáust neinar leifar af timbri og þakið er horfið.



Skálmarbær 163441 189 - 18

Hlutverk: Rétt

Tegund: Rúst

Staðsetning:

N: 63, 43, 34,0000 (-63,72611111)

V: 18, 25, 44,0000 (-18,42888889)


Lengd: 18 m

Breidd: 8 m

Staðhættir

Réttin er staðsett sunnan við heimreiðina, við hliðið.

Lýsing



Réttin er hlaðin torfi og grjóti með afmörkuðu hólfi til austurs. Hún er um 18 m þar sem hún er lengst og um 8 m á breidd. Mesta veggjarhæð er um 50 sm og veggjarþykkt mest um 1 m. Inngangur er bæði í norður og suður. Hólfið austanmegin við réttina er um 5 m á lengd og 4 m á breidd.

Skálmarbær 163441189 - 19

Sérheiti: Skálmarbæjarhraun

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Eyðibýlið Skálmarbæjarhraun, sem stóð fyrir ofan Skálm, liggur nú undir Skálmarbæ. Suður af Illanefi og Stekkjarlágum, austur af Stekkjarlæk, er sandflötur, sem heitir Sprengisandur og nú er að hverfa. Skammt sunnar er bæjarstæðið Skálmarbæjarhraun. Þar eru nú beitarhús ... ”

„Sunnan við bæinn í Skálmarbæjarhraunum var svonefnt Stekkjarnef. Lækur, sem kom vestan úr gljúfri, var bæjarlækur og heitir nú Bæjarlækur.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 20

Sérheiti: Innstu-Borgir

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Skógarkellingarhraun er norðvestur afbænum, vestur af gömlu beitarhúsunum. Í því eru tættur eftir gamlar fjárborgir, sem heita Ytri-Borgir, Syðri-Borgir og InnstuBorgir.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 21

Sérheiti: Gömlu-Borgir

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Norður afhríslunni voru Gömlu-Borgir. Beint vestur af þeim heita Geldingahálsar, austur af Laufskálavörðu.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 22

Sérheiti: Ytri-Borgir

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Skógarkellingarhraun er norðvestur af bænum, vestur af gömlu beitarhúsunum. Í því eru tættur eftir gamlar fjárborgir, sem heita Ytri-Borgir, Syðri-Borgir og Innstu-Borgir.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 23

Sérheiti: Sauðaborgir

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Inn undir innstu Töglum voru svonefndar Sauðaborgir.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 24

Sérheiti: Stórihellir

Hlutverk: Hellir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Suður af Skógarkellingu er hraunhellir, sem nefndur er Stórihellir. Hlaðið er fyrir hellisopið.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 25

Sérheiti: Einarsskemma

Hlutverk: Hellir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Norðaustur af Grjóthálsum, austur við Kúðafljót, er kriki, sem nefndur er Áhald. Norður af því er hellir, sem heitir Einarsskemma. Þar átti sakamaður, sem Einar hét, að hafa verið falinn.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 26**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir**

„Inn undir innstu Töglum voru svonefndar Sauðaborgir. Þar voru síðar fjárhús.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 27**Sérheiti:** Skógarvað**Hlutverk:** Vað**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir**

„Eitt örnefni a.m.k. er vantalið í skránni, Skógarvaðsfit hjá Skógarvaði á Skálm.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 28**Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir**

„Þarna, í krika við hraunið, eru leifar eftir gamla fjárrétt. Þar fyrir innan eru Stekkjarlágur. Grjótlækur rann um svonefnd Grjót. Brúnasel er syðst í Grjótabrúnum. Innan við Stekkjarnef er Dýlækur, þá Stekkjarlækur og renna báðir í Grjótlæk.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 29**Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir**

„Grjótlækur er fremsti lækurinn, sem rennur samhliða Skálm. Hann rennur um Grjótlækjargljúfur. Þarna, í krika við hraunið, eru leifar eftir gamla fjárrétt.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 30**Hlutverk:** Beitarhús**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir**

„Suður af Illanefi og Stekkjarlágum, austur af Stekkjarlæk, er sandflötur, sem heitir Sprengisandur og nú er að hverfa. Skammt sunnar er bæjarstæðið Skálmarbæjarhraun. Þar eru nú beitarhús."

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 31

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Um Völlinn rennur Vallarlækur, suðaustur í Skálm. Hann sprettur upp undir klapparnefi vestan við Völlinn. Það heitir Réttarnef"

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 32

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Syðst í Suðurkróki er Smalaskálarof."

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 33

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Þá skal greint frá örnefnum í Skálmarbæjarlandi ofan Skálmar: Þar lá gamli vegurinn um Skógarvað, upp um Ljósuvötn."

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 34

Sérheiti: Laufskálavarða

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Norðvestur eða norður frá Skógarhólmi er Laufskálavarða austan við þjóðveginn upp í Skaftártungu, kennd við bæinn Laufskála, sem á að hafa staðið þar í grennd í fornöld og tekið af í Kötluhlaupi. Allir, sem lögðu út á Mýrdalssand í fyrsta skipti, áttu að hlaða vörðu á þessum stað, svo þeim farnaðist vel yfir sandinn. Þessum sið er enn haldið uppi, því hæðin er alþakin smávörðum."

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 35

Sérheiti: Laufskálar

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Norðvestur eða norður frá Skógarhólmi er Laufskálavarða austan við þjóðveginn upp í Skaftártungu, kennd við bæinn Laufskála, sem á að hafa staðið þar í grennd í fornöld og tekið af í Kötluhlaupi.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 36

Sérheiti: Brúnasel

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Syðst í hrauninu, við Skálm, syðst og vestast í graslendinu, eru rústir Brúnasels, sem var um skeið í byggð á síðustu öld Brúnasel er syðst í Grjótabrúnum.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 37

Sérheiti: Skálmargarður

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Rétt norðan við túnið í Skálmarbæ er hlaðinn varnargarður gegn Skálm, sem í daglegu tali kallast Skálmargarður”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 38

Sérheiti: Syðri-Borgir

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Skógarkellingarhraun er norðvestur af bænum, vestur af gömlu beitarhúsunum. Í því eru tættur eftir gamlar fjárborgir, sem heita Ytri-Borgir, Syðri-Borgir og Innstu-Borgir.”

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441189 - 39

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Norðaustur af Grjóthálsum, austur við Kúðafliót, er krika, sem nefndur er Áhald. Norður af því er hellir, sem heitir Einarsskemmi. Þar átti sakamaður, sem Einar hét, að hafa verið falinn. Þar norður af óx stór birkihrísla, sú stærsta í Skálmarbæjarhraunum og nefnd "stóra hrísla". Illt átti að hljóta af því að hreyfa við henni."

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Skálmarbær 163441 189 - 40

Hlutverk: Landmælingar, varða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Norðaustur af Sauðauðn er víðáttumikill hraunfláki. Miðja vega í honum er landmælingavarða."

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Minjar og varðveislugildi

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslurmar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna.

Hugtakið menningarlandslag hefur einnig verið í umræðunni í tengslum við svokallaða menningartengda ferðaþjónustu og má segja að nú sé viss vakning í notkun menningararfsins til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera gömlu verklagi, byggingaháttum og landnotkun vitni. Kynning á fornleifum er ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og þeirri byggðasögu sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Minjar í Skálmarbæ

Alls voru skráðar 43 minjar á jörðinni Skálmarbæ, þar af 27 upp úr heimildum. Á vettvangi voru skráðar 16 minjar. Á Skálmarbæ er skemmtilegt náttúru- og minjaumhverfi og þá sérstaklega þeir miklu túngarðar sem umlykja fyrirhugað framkvæmdasvæði. Flestar rústirnar á svæðinu eru frá fyrri hluta 20. aldar og teljast því ekki fornleifar í strangasta skilningi þjóðminjalaganna, þar sem þær eru ekki orðnar 100 ára. En rústirnar eru mjög heillegar og vel varðveittar, s.s. tóftir útihúsa, réttir, kvíar og fjárhús, túngarðar, reykingakofi o.fl. Gamli bæjarhóllinn, þar sem Skálmarbær stóð fyrst, er jafnframt frekar heillegur þótt bæjarskipan þar sé afar ógreinileg.

Niðurstöður

Allt umhverfið við Skálmarbæ, túngarðarnir og tóftirnar í og við bæinn, mynda afar skemmtilega umhverfisheild sem gaman væri að varðveita og merkja. Fornleifarnar og rústirnar gætu því orðið íbúum og öðrum til ánægju og fróðleiks.

Skráning fornleifa er mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem þar er um að ræða verklegar framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar. Af þessari skráningu í landi Skálmarbæjar verður ekki greint að fornleifar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Eins og fyrr segir ná þjóðminjalögin ekki einu sinni yfir allar rústirnar. Hins vegar er það athyglisvert að bæði túngarðarnir og útihúsin hafa flest verið hlaðin með gamla laginu, úr torfi og grjóti, langt fram á 20. öld. Það gerir minjasvæðið á Skálmarbæ sérstakt og þeim tilmælum er þess vegna beint til landareigenda að minjarnar verði varðveittar sem kostur er og fyllsta aðgætni sýnd við jarðrask á fyrirhuguðu sumarbústaðasvæði. Þess ber einnig að gæta að minjar geta leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar - einkum á slíkri jörð sem Skálmarbær er, þar sem hefur verið búið lengi.

Hnitatafla í Ísnet93.

NR	AUSTUR	NORDUR
189-1	528834,4629	360253,7348
189-2	518197,2927	363580,3009
189-4	527315,2621	361416,9573
189-8	526596,1677	358902,1228
189-9	518894,9016	356987,8221
189-10	519294,0738	356835,4093
189-11	525679,4830	360226,1881
189-12	526398,6438	361161,3043
189-13	526465,3717	361378,6641
189-14	527315,2621	361416,9573
189-16	516900,1128	360197,2864
189-18	528222,7738	358111,1551

Heimildaskrá

Björn O. Björnsson. Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar. Drög til lýsingar á íslensku þjóðlífi mótuðu af skaftfellskri náttúru.


Íslenzkt fornbréfasafn II 1253-1350. Kaupmannahöfn. 1893 bls. 739-40.

Íslenzkt fornbréfasafn IX 1523-1526. Kaupmannahöfn. 1903-1913 bls. 189.

Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873.

Landamerkjalyýsingar fyrir Skálmarbæ í Vestur-Skaftafellssýslu nr. 42, 21. júní 1886.

Örnefnaskrá Skálmarbæjar. Örnefnastofnun Íslands.



Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga:

1. **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfiringsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
2. **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
3. **Hólar í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
4. **Steinsstaðir Skagafirði** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
5. **Grafarós og Hofsó** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
6. **Víðimelur í Skagafirði** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
7. **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna fristundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
8. **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal**. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
9. **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
10. **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar** – heimildir. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
11. **Glaumbær**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
12. **Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði**. Arna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
13. **Höfði á Höfðaströnd**. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarþústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
14. **Hátún og Mikligarður**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
15. **Syðra-Skörungil**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
16. **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað**. Guðný Zoëga júlí 2003.
17. **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfstaða, Bakka og Hof í Vatnsdal**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
18. **Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi**. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga. Þór Hjaltalín september 2003.
19. **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð. Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
20. **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðfirði**. Guðný Zoëga október 2003.
21. **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt**. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
22. **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuholt og Lyngholt**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
23. **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sjávarborg. Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
24. **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
25. **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
26. **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
27. **Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.
28. **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð. Svæðisskráning**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004.
29. **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalshrepps**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
30. **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum**. Guðný Zoëga, mars 2004.
31. **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ**. Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, Maí 2004.